

Gúggíbú hvar er þú
nú sé ég ekki neitt.

Gúggíbú þarna ert þú
sem brosir svona breitt.

Upp, upp, upp á fjall,
upp á fjallsins brún.

Niður, niður, niður, niður
alveg niður á tún.

Dúkkan hennar Dóru
var með sótt, sótt, sótt,
hún hringdi og sagði lækni
að koma fljótt, fljótt, fljótt.
Læknirinn kom þá með
sína tösku og sinn hatt
-hann bankaði á dyrnar:
Ra, ta, ta, ta, tatt!

Hann skoðaði dúkkuna
og hristi sinn haus:
Hún strax skal í rúmið
og ekkert raus!
Hann skrifaði á miða
hvaða pillu hún skyldi fá:
Ég kem aftur á morgun,
ef hún er enn veik þá.

Krummi krunkar úti,
kallar á nafna sinn:

“Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.”

∴ Komdu nú og
kroppaðu með mér,
krummi nafni minn ∴

Upp, upp, upp á fjall



Gúgg í bú



Krummi krunkar úti



Dúkkan hennar Dóru



Klappa saman lófum,
klappa lófum,
Klappa saman lófum
og mallakút.

Nebbin hljómar vel
(taka í nefið: "í-í-í-í-í")
Munnurinn spilar með
(purra með vörum)

Klappa saman lófum,
og mallakút!

Sunnudagur, mánudagur,
þriðjudagur,
miðvikudagur, fimmtudagur,
föstudagur og laugardagur,
og þá er vikan búin.

Janúar,
febrúar,
mars, apríl, maí,
júní, júlí, ágúst,
september,
október,
nóvember og desember

Höfuð, herðar,
hné og tær,
hné og tær

Höfuð, herðar,
hné og tær,
hné og tær

Augu, eyru,
munnur og nef.


Höfuð, herðar,
hné og tær,
hné og tær.

Gulur, rauður, grænn
og blár, svartur,
hvítur, fjólublár.

Brúnn, bleikur, banani,
appelsína talandi.

Gulur, rauður, grænn
og blár, svartur,
hvítur, fjólublár.


**Höfuð, herðar,
hné og tær**




Klappa saman lófum



Litalagið



**Dagarnir og
mánuðirnir**



Í leikskóla er gaman,
þar leika allir saman.
Leika úti og inni
og allir eru með.

Hnoða leir og lita,
þið ættuð bara að vita
hvað allir eru duglegir
í leikskólanum hér

Það var einu sinni api
í ofsa góðu skapi,
hann vildi ekki grautinn
en fékk sér banana:
::Banananana -
(smella tvisvar í góminn)::
Banananana, banananana,
banananana!
(smella tvisvar í góminn).

Það var í örkinni hans Nóa
að dýrin fóru að róa,
hestur, hundur, hæna
og líka krókódíll:
::Krókókódíll - (Namm, Namm!):,
Krókókódíll, krókókódíll,
krókókódíll (Namm, Namm!)


Þumalfingur,
þumalfingur
hvar ert þú?
Hér er ég,
hér er ég,
góðan daginn,
daginn, daginn.

Vísifingur, vísifingur...
Langatöng, langatöng...
Baugfingur,baugfingur...
Litli fingur, litli fingur...

Fimm litlir apar
sátu uppi í tré,
þeir voru að
stríða krókódíl -
"Þú nærð ekki mér!"
Þá kom hann
herra Krókódíll,
hægt og rólega -
og NAMM!
(lófum smellt
saman)

Fjórir litlir apar sátu...
(sunguð þar til enginn api er
eftir)


Fingravísan



Í leikskóla er gaman



Fimm litlir apar



Það var einu sinni api



Hátt upp í fjöllum
þar búa tröllin
Tröllapabbi,
tröllumamma
og litli trölli rölli
BÚ sagði tröllapabbi
Bú sagði tröllumamma
En hann litli trölli rölli
sagði bara "Bö!"!

Það var gömul ugla
með oddhvasst nef,
tvö lítil eyru
og átta litlar klær.

Hún sat uppi' í tré
og svo komst þú,
Þá flaug hún í burtu'
og sagði: "Ú-ú-ú".

Kalli litli kónguló
klifraði upp á vegg
þá kom rigning
og Kalli litli féll.

Upp kom sólin
og þerraði hans kropp,
Kalli litli kónguló
klifraði upp í topp.

Hjólin á strætó snúast
hring, hring, hring,
hring, hring, hring,
hring, hring, hring!
Hjólin á strætó snúast
hring, hring, hring
- út um allan bæinn!

Hurðin á strætó opnast
út og inn
Peningarnir í strætó segja
kling, kling, kling
Fólkið í strætó segir
bla, bla, bla,
Börnin í strætó segja
hí, hí, hí
Flautan í strætó segir
bíb, bíb, bíb
Bílstjórinn í strætó segir
uss, suss, suss

Kalli litli könguló



Hátt uppi á fjöllum



Hjólin á strætó



Uglulagið



Um landið bruna bifreiðar,
bifeiðar, bifreiðar.
Með þeim við skulum fá oss far
og ferðast hér og þar.
::Ba bú, ba bú,
tra, la, la, la, la, la, la, la::

Um loftin fljúga flugvélar,
flugvélar, flugvélar....

Um höfin sigla skúturnar,
skúturnar, skúturnar....

Upp á grænum, grænum
himinháum hól
sá ég hérahjónin ganga.

Hann með trommu - bomm,
bomm, bombarombommbomm!
Hún með fiðlu sér við vanga.

Þá læddist að þeim
ljótur byssukarl
sem miðaði í hveli!

En hann hitti bara
trommuna sem small
og þau hlupu
og héldu velli.

Stóra brúin fer upp og niður,
upp og niður, upp og niður,
stóra brúin fer upp og niður,
allan daginn!

Bílarnir aka yfir brúna...

Skipin sigla undir brúna...

Flugvélar fljúga yfir brúna...

Fiskarnir synda undir brúna...

Fuglarnir fljúga yfir brúna...


Börnin ganga yfir brúna...

Ba, bú, ba, bú,
brunabíllinn flautar.
Hvert er hann að fara?
Vatn á eld að sprauta
- tss, tss, tss, tss!
Gerir alla blauta.



Mjá, mjá, mjá, mjá,
mjálmar gráa kisa.
Hvert er hún að fara
Út í skóg að ganga
- uss, uss, uss, uss!
Skógarpröst að fanga.

Bí, bí, bí, bí,
skógarpröstur syngur.
Hvert er hann að fara?
Burt frá kisu flýgur
- víí, víí, víí, víí!
Loftin blá hann smýgur.


Stóra brúin



Um landið bruna bifreiðar



Babú babú brunabíllinn



Upp á grænum grænum



Ég er rauður lítill héri
og sjáið hvað ég geri.
Ég hoppa og skoppa
og sný mér í hring.

Og svo kann ég að klappa
og fótunum að stappa
og svo kann ég að telja
og einn og tveir og þrír.

(Lag: Í leikskóla er gaman)

Litlu andarungarnir
::: allir synda vel, :::
:::höfuð hneigja' í djúpið
og hreyfa lítil stél. :::

Litlu andarungarnir
::: ætla út á haf. :::
::: Fyrst í fjarlægð skima
og fara svo í kaf. :::

Ég er lítil blaðra blá,
sem enginn hefur blásið í,
viltu ekki blása og sjá
hve stór ég verð af því.

Við segjum
púst-púst-púst.
Þar til ég spring
með háum hveli!
Bang!

Allir krakkar, allir krakkar
eru í skessuleik.
Má ég ekki mamma
með í leikinn þamma?
Mig langar svo,
mig langar svo
að lyfta mér á kreik.

Litlu andarungarnir




Ég er rauður héri



Allir krakkar



Ég er lítil blaðra blá



Sá ég spóa
Suður í flóa.
Syngur lóa
út um móa:
“bí, bí, bí, bí”
vorið er komið
víst á ný.

Gráður kelling
hitaði sér vellings
og borðaði
(namm, namm, namm)
síðan sjálf
(jamm, jamm, jamm)
af honum heilan helling.

Svangur kallinn
varð alveg dolfalinn
og starði svo
(sko,sko,sko)
heilan dag (o, ho.ho.)
ofan í tóman dallinn.

Ding, dong, sagði lítill
grænn froskur einn dag,
ding, dong, sagði lítill grænn froskur.
Ding, dong, sagði lítill
grænn froskur einn dag,
og svo líka ding, dong – dojojojong!
(Blikka augunum til skiptis)

Mm, ðð, sagði lítil græn eðla einn dag,
mm, ðð, sagði lítil græn eðla. Mm, ðð,
sagði lítil græn eðla einn dag, og svo líka
mm, ðð – blrrllrrllrr!
(Reka út úr sér tunguna)



King, kong, sagði stór svartur api einn
dag, king, kong, sagði stór svartur api.
King, kong, sagði stór svartur api einn
dag, og svo líka king, kong – kongojojong!
(Slá með hnefum í bringuna)

Nú skal syngja um kýrnar
sem baula hátt í kór
þær gefa okkur mjólkina
svo öll við verðum stór.
Mjólk, mjólk, mjólk, mjólk, mjólk!
:,:Mu mu mu, mu mu mu mu mu!,:
Mu mu mu mu mu...

Nú skal syngja um hænsnin
sem gagga endalaust
þau gefa okkur egginn
svo öll við verðum hraust.
Egg, egg, egg, egg, egg!
Ga ga gó...

Nú skal syngja um lömbin
sem jarma sætt og blítt
þau gefa okkur ullina
svo okkur verði hlýtt.
Ull, ull, ull, ull, ull!
Me me me...


Ding dong



Sá ég spóa



Nú skal syngja um



Gráðug kerling



Óli fór til Bertu bakarístertu
og bað hana að kyssa sig.
Þá sagði Berta bakarísterta:
Bara ef þú elskar mig.

Þá sagði Óli, sem var á hjóli:
ó hvað ég elska þig.
Þá sagði Berta bakarísterta:
:,:Þá máttu kyssa mig
kyss kyss,::

Bangsi lúrir, bangsi lúrir
bæli sínu í.
Hann er stundum stúrin,
stirður eftir lúrin
að hann sofi, að hann sofi
enginn treystir því.

Lag: Allir krakkar

Hreyfa litla fingur,
hreyfa litla fingur,
hreyfa litla fingur
og FRJÓSA
eins og skot!

(hendur, fætur, tásur,
tungur, nebba, augu,
rassa, okkur sjálf
o.s.frv.)

Þú skalt klappa ef þú
hefur létta lund,
Þú skalt klappa ef þú
hefur létta lund,
Þú skalt klappa allan daginn,
svo það heyrir útum bæinn.
Þú skalt klappa ef þú
hefur létta lund

Þú skalt stappa...
Þú skalt hoppa...
Þú skalt smella...
Þú skalt hlægja...
Þú skalt gráta...

Hreyfa litlar finger



Óli fór til Bertu



Þú skalt klappa



Bangsi lúrir



Dvel ég í draumahöll
og dagana lofa
Litlar mýs um löndin öll
liggja nú og sofa

Sígur ró á djúp og dal,
dýr til hvílu ganga
Einnig sofna skolli skal
með skottið undir vanga

Tombai, tombai,
tombai, tombai,
tombai, tombai, tombai.
Diri don, diri, don ,
diri diri don.
Tralalalala, tralalalala.
Tralalalala la hai.

Nú er úti norðanvindur
nú er hvítur Esjutindur
ef ég ætti úti kindur
myndi ég láta þær allar inn
elsku bestu vinurinn.

∴ Úmbarassa, úmbarassa,
úmbarassassa∴

A ram sam sam,
a ram sam sam,
gúlí gúlí gúlí gúlí gúlí
ram sam sam.

A ram sam sam,
a ram sam sam,
gúlí gúlí gúlí gúlí gúlí
ram sam sam.

Hér er ég, hér er ég,
gúlí gúlí gúlí gúlí gúlí
ram sam sam.

Hér er ég, hér er ég,
gúlí gúlí gúlí gúlí gúlí
ram sam sam.

**Nú er úti
norðanvindur**



Dvel ég í draumahöll



A ramm samm samm



Tombai



Einn lítill, tveir litlir,
þrír litlir fingur
Fjórir litlir, fimm litlir,
sex litlir fingur
Sjö litlir, átta litlir,
nínu litlir fingur
Tíu litlir fingur á hendi.

Ein lítil, tvær litlar,
þrjár litlar tásur,
fjórar litlar, fimm litlar,
sex litlar tásur,
sjö litlar, átta litlar,
nínu litlar tásur,
tíu litlar tásur á börnum.

Ég negli og saga
og smíða mér bát
og síðan á sjóinn
ég sigli með gát.

Og báturinn vaggar
og veltist um sæ.
Ég fjörugum fiskum
með færinu næ.

Það er krókódill í lyftunni minni,
og ég er svolítið smeyk við hann.
ÓNEI!

Það er krókódill í lyftunni minni,
og hann getur étið mann.

O-o-ó krókódill!!
Förum á 1. hæð.

Þú færð ekki að éta mig
því að það er ÉG sem ræð.
Úúúú DING!

Það er krókódill...
(2. hæð o.s.frv.)

Ein ég sit og sauma
inni í litlu húsi.
Enginn kemur að sjá mig
nema litla músin.


Hoppaðu upp
og lokaðu augunum.
Bentu í austur,
bentu í vestur.

Bentu á þann sem að
þér þykir bestur.

**Það er krókódill í
lyftunni minni**



Einn litlir, tveir litlir,



Ein ég sit og sauma



Bátasmiðurinn

